Kópavo

Kópavogi, 22. ágúst 2025
2212624/102.16 VBG

Efni: **Tillögur að áherslum Forvarnarsjóðs Kópavogs og tímasetningar vegna úthlutunar úr sjóðnum 2025.**

Menntaráð er hvatt til að leggja áherslu á verkefni sem styðja við eftirfarandi:

-Greinar Barnasáttmálans
-Menntastefnu Kópavogsbæjar
-Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
-Viðmið Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forvarnir og geðrækt ungmenna
-Lýðheilsa og geðrækt barna og ungmenna
-Skipulagt skóla- og frístundastarf

Eftirfarandi verði haft að leiðarljósi við val á verkefnum:

-Forvarnir og heilsuefling barna og ungmenna
-Aukið samstarf í skipulögðu skóla- og frístundastarfi
-Virk þátttaka barna og ungmenna í skipulagi og framkvæmd verkefna
-Verkefni sem styðja við samþættingu þjónustu í þágu barna
-Eflingu lýðheilsu meðal barna og ungmenna

Ráðstöfunarfé
Samkvæmt uppfærðum úthlutunarreglum Forvarnarsjóðs Kópavogs verður sérstök fjárhæð eyrnamerkt forvarnarverkefnum barna og ungmenna

Tillaga að tímasetningum:
-Auglýsing um umsóknir 17. september 2025
-Umsóknarfrestur til og með 13. október 2025
-Fundur valnefndar 16. október 2025
-Afhending styrkja, fyrir lok október 2025

Menntaráð kýs valnefnd samkvæmt reglum sjóðsins:
-Einn fulltrúa frá meirihluta
-Einn fulltrúi frá minnihluta
-Einn fulltrúi foreldra
-Starfsmaður ungmennaráðs tryggir að þrír fulltrúar ungmennaráðs verði tilnefndir í valnefnd menntaráðs
-Fulltrúar menntaráðs eru hvattir til að dreifa auglýsingu um styrkjaumsóknir

Virðingarfyllst,

Victor Berg Guðmundsson
Deildastjóri frístundadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026